

## Yfirlit yfir veitingu atvinnuleyfa á árinu 1999.

Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi í umboði félagsmálaráðuneytis sbr. 3. gr. laga nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga. Helstu skilyrði þess að ráðherra sé heimilt að veita atvinnuleyfi er að finna í 7. gr. laganna en þau eru: Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innanlands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá árinu 1995 hefur atvinnuleysi minnkað jafn og þétt og var aðeins 1,9% að meðaltali árið 1999. Hefur það haft í för með sér stórukna eftirspurn eftir erlendu vinnuafli og hefur því útgáfa atvinnuleyfa aukist ár frá ári. Aðstæður á Íslandi hafa breyst mikið frá gildistöku laganna um atvinnuréttindi útlendinga í byrjun árs 1995 og hefur komið í ljós að þörf er orðin á endurskoðun þeirra, ekki síst með tilliti til þeirra fjölmörgu útlendinga sem hafa orðið fasta búsetu í landinu. Í nóvember s.l. skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem ætlað er að endurskoða lögin. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar aðila vinnuafli, Vinnumálastofnunar og dómsmálaráðuneytis undir formennsku fulltrúa félagsmálaráðuneytis. Mun nefndin væntanlega skila tillögum á komandi hausti.

### **Stefna sem fylgt var við veitingu atvinnuleyfa á árinu 1999**

Samkvæmt 20. gr. laganna skal félagsmálaráðuneytið árlega leita álits helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks á stefnu sem fylgt er við veitingu atvinnuleyfa til ráðningar á útlendingum til starfa á Íslandi. Auk helstu samtaka á vinnuafli hefur verið haft samráð við fulltrúa félagasamtaka nýbúa og fulltrúa stofnana sem tengjast málefnum útlendinga.

Eftirfarandi eru helstu þættir í stefnu sem fylgt var við veitingu atvinnuleyfa á árinu 1999.

### **Flokkar atvinnuleyfa.**

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, sem tóku gildi 1. janúar 1995 er atvinnuleyfum skipt í eftirfarandi flokka:

*Tímabundið atvinnuleyfi:* Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

*Óbundið atvinnuleyfi:* Leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.

*Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar:* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vist á heimili.

*Atvinnuleyfi til bráðabirgða:* Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða til bráðabirgða útlendinga einn eða fleiri að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

*Atvinnurekstrarleyfi:* Leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki.

### **Ný atvinnuleyfi.**

Áður en nýtt atvinnuleyfi er veitt kannar Vinnumálastofnun hvort umsækjandi hefur leitað eftir aðstoð vinnumiðlunar eftir vinnuafli. Nýtt atvinnuleyfi er ekki veitt fyrir en það liggur ljóst fyrir að Íslendingur sé ekki tiltækur í það starf sem um ræðir. Fyrsta leyfi er ekki gefið út til lengri tíma en eins árs. Þess er krafist að ráðningarsamningur fylgi umsókn um atvinnuleyfi. Ef ástæða þykir er þess einnig krafist að upplýsingar um húsnæðis- og fæðiskostnað komi fram í ráðningarsamningi. Umsóknum um atvinnuleyfi fyrir útlendinga sem komnir eru til landsins hefur verið synjað sbr. 1. mgr. 4. gr.

### **Undantekningar.**

Í lögum er heimilt að veita atvinnuleyfi ef sérstakar ástæður mæla með leyfisveitingu. Sérstakar ástæður eru taldar t.d. fjölskylduástæður (maki íslenskur ríkisborgari) eða mannúðarsjónarmið.

### **Framlengingar á tímabundnum atvinnuleyfum.**

Þegar veittum atvinnuleyfum hefur að öllu jöfnu verið framlengt. Kannað er hvort hlutaðeigandi atvinnurekandi hefur greitt lögboðin gjöld vegna starfsmannsins. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfi um tvö ár. Atvinnurekandi sem ekki fer að lögum eða fylgir ekki ákvæðum kjarasamninga getur búið við því að atvinnuleyfi verði ekki framlengt.

Slitni upp úr ráðningarsamningi við útlending sem ráðinn hefur verið til landsins er óskað skýringa á ráðningarslitum. Óski útlendingur eftir að dveljast áfram á landinu hefur verið heimilað að veita nýjum atvinnurekandaleyfi til ráðningar að uppfylltum skilyrðum 7. gr.

### **Óbundið atvinnuleyfi.**

Útlendingur getur sótt um óbundið atvinnuleyfi hafi hann átt lögheimili á Íslandi samfelld í þrjú ár, hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi og hafi öðlast ótímabundið dvalarleyfi hérlendis.

### **Atvinnurekstrarleyfi.**

Að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hafa ekki verið takmarkanir á veitingu atvinnurekstrarleyfa. Vinnuálastofnun kannar við framlengingu hvort greiðsla lögboðinna gjalda hafi farið fram.

### **Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.**

Að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hafa ekki verið takmarkanir á veita þeim atvinnuleyfi sem hér dveljast vegna náms við íslenska skóla.

### **Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.**

Að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hafa ekki verið takmarkanir á veitingu atvinnuleyfa vegna vistráðningar. Fylgst er með því að sá vistráðni sé slysa- og sjúkratryggður.

## **Yfirlit yfir veitingu tímabundinna atvinnuleyfa árið 1999**

Á árinu 1999 voru veitt alls 1271 ný tímabundin atvinnuleyfi á móti 1119 árið 1998. Í neðangreindri töflu vekur athygli aukning milli árána 1998 og 1999 á fjölda veittra atvinnuleyfa vegna útlendinga sem skipt hafa um vinnustað. Ástæðuna má að hluta til rekja til þess að nokkur fyrirtæki þar sem stór hópur útlendinga starfaði, hættu rekstri á síðastliðnu ári. Var ákvörðun tekin um að leysa mál þeirra með því að heimila útgáfu atvinnuleyfis hjá öðrum atvinnurekendum enda víða mikill skortur á vinnuafli. Í öðrum tilvikum er um að ræða útlendinga sem eru sestir hér að t.d. makar Íslendinga og hefur útgáfa á atvinnuleyfi hjá nýjum atvinnurekenda verið heimiluð bæði með vísan til vinnuafllsskorts og tengsla útlendinga við landið. Upplýsingar um fjölda atvinnuleyfa vegna tilflutnings í starfi árin 1996 og 1997 liggja ekki fyrir. Þá er einnig athyglisvert hvað útgáfa á námsmannaleyfum og leyfum vegna vistráðningar hefur aukist.

Tölum Útlendingaeftirlitsins um dvalar- og atvinnuleyfi og tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleyfi ber ekki alltaf saman. Tölur Vinnuálastofnunar byggja á veittum atvinnuleyfum en alltaf er eitthvað um að útlendingar sem heimilað hefur verið að vinna hérlendis koma ekki til landsins. Tölur Útlendingaeftirlitsins veita hins vegar upplýsingar um útlendinga sem raunverulega komu hingað til lands til að vinna.

### Yfirlit yfir útgáfu atvinnuleyfa árin 1997 - 1999

	1997	1998	1999
Ný tímabundin leyfi	875	1119	1271
Nýr vinnustaður	*	188	461
Framlengd tímabundin leyfi	465	662	933
Óbundin atvinnuleyfi	162	193	275
Atvinnurekstrarleyfi	6	1	11
Námsmannaleyfi	44	50	96
Vistráðningarleyfi	8	9	26
Samtals	1560	2222	3073

\*Upplýsingar liggja ekki fyrir.

### Frá hvaða ríkjum koma útlendingarnir ?

Þegar skoðað er frá hvaða ríkjum útlendingarnir koma helst, kemur í ljós að Pólverjar hafa eins og áður algjöra sérstöðu við útgáfu tímabundum atvinnuleyfum. Í 993 tilvikum voru veitt leyfi til að ráða Pólverja og 834 árið 1998. Heimild var veitt til að ráða Filippseyinga í 211 tilvikum, Bandaríkjamenn í 120 og Tælendinga í 211 tilvikum.

### Tímabundin atvinnuleyfi eftir ríkisfangi

	Ný leyfi	Framleng.	Samtals	Ný leyfi	Framleng.	Samtals	Ný leyfi	Framleng.	Samtals
	1997	1997	1997	1998	1998	1998	1999	1999	1999
Bandaríkjamenn	59	11	70	95	8	103	99	21	120
Búlgarar	10	4	14	13	10	23	8	9	17
Filippseyingar	59	42	101	76	48	124	125	86	211
Júgóslavar	40	5	45	101	21	122	140	59	199
Kanadamenn	8	3	11	18	2	20	28	7	35
Kínverjar	17	8	25	24	10	34	38	14	52
Litáar	14	1	15	23	7	30	40	13	53
Marokkóbúar	10	5	15	7	3	17	26	10	36
Ný-Sjálendingar	3	1	4	10	5	15	4	2	6
Pólverjar	378	264	642	446	388	834	578	415	993
Rúmenar	2	4	6	8	1	9	25	11	36
Rússar	25	8	33	75	19	94	72	29	101
Slóvenar	9	4	13	0	1	1	3	0	3
Tékkar	2	5	7	6	1	7	22	9	31
Tælendingar	51	23	74	102	36	138	137	74	211
Ungverjar	4	3	7	4	3	7	10	3	13
Víetnamar	13	3	16	19	9	28	27	20	47
Aðrir	171	71	242	280	90	363	350	151	501
<b>Samtals</b>	<b>875</b>	<b>465</b>	<b>1340</b>	<b>1307</b>	<b>662</b>	<b>1969</b>	<b>1732</b>	<b>933</b>	<b>2665</b>

## Dreifing um landið

Við flokkun atvinnuleyfa eftir sveitarfélögum kemur í ljós að flestir útlendingar hafa verið ráðnir í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Af stöðum utan höfuðborgarsvæðisins má nefna Reykjanesbæ, Grindavík og Sandgerði, Stykkishólm, Grundarfjörð, Ísafjörð og Bolungarvík. Þess má geta að stór hluti atvinnuleyfa á Vestfjörðum á síðasta er vegna tilflutnings í starfi. Umtalsverð fækkun var í útgáfu leyfa á Þingeyri og Bíldudal frá árinu 1998. Þá má benda á aukinn fjölda atvinnuleyfa á Eskifirði en á Neskaupstað er aftur á móti fækkun.

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fá flestar framlengingar en fyrirtæki í Reykjavík hafa fengið alls 311 atvinnuleyfi framlengd á árinu, en 152 á árinu 1998. Minni sveitarfélög sem skera sig úr hvað fjölda varðar eru til dæmis Garður, Ísafjörður, Eskifjörður, Neskaupstaður og Þorlákshöfn. Þá má einnig benda á Flúðir en þar voru veitt 18 ný atvinnuleyfi og 18 atvinnuleyfi voru framlengd á árinu.

**Skipting atvinnuleyfa eftir póstnúmerum.**

	Ný leyfi	Framleng.	Ný leyfi	Framleng.	Ný leyfi	Framleng.
Póstnúmer	1997	1997	1998	1998	1999	1999
100 Reykjavík	233	85	443	152	672	311
200 Kópavogur	32	16	42	13	86	48
210 Garðabær	12	3	26	4	36	11
220 Hafnarfjörður	44	14	64	30	129	37
230 Reykjanesbær	20	6	41	8	50	8
240 Grindavík	7	4	20	5	42	19
245 Sandgerði	2	4	13	0	33	33
250 Garður	5	20	58	0	29	29
300 Akranes	18	9	20	9	5	11
340 Stykkishólmur	24	4	31	4	25	1
350 Grundarfjörður	10	14	16	11	22	17
355 Ólafsvík	3	1	14	4	12	9
360 Hellissandur	9	11	13	11	28	17
400 Ísafjörður	13	18	36	14	44	35
410 Hnífsdalur	22	21	22	24	2	19
415 Bolungarvík	37	48	25	11	37	11
420 Súðavík	1	1	4	4	1	4
425 Flateyri	11	13	5	29	11	7
450 Patreksfjörður	5	8	10	16	17	10
460 Tálknafjörður	10	31	2	4	16	15
465 Bíldudalur	34	2	21	28	6	11
470 Þingeyri	13	17	41	7	14	16
600 Akureyri	44	3	16	16	24	10
625 Ólafsfjörður	9	5	1	10	6	0
630 Hrísey	0	4	0	0	0	0
675 Raufarhöfn	5	5	0	0	13	8
680 Þórshöfn	8	14	1	34	12	12
735 Eskifjörður	12	7	11	14	28	20
740 Neskaupsstaður	18	12	15	28	8	30
755 Stöðvarfjörður	11	2	4	0	6	6
760 Breiðdalsvík	0	6	7	5	9	0
765 Djúpivogur	2	3	4	2	12	2
780 Höfn	25	10	13	15	7	14
800 Selfoss	9	0	10	4	10	5
810 Hveragerði	3	3	8	1	11	5
815 Þorlákshöfn	4	3	46	2	27	39
845 Flúðir	10	2	14	5	18	18
900 Vestmannaeyjar	16	8	18	5	23	5
Aðrir staðir	134	28	172	133	201	80
<b>Samtals</b>	<b>875</b>	<b>465</b>	<b>1307</b>	<b>662</b>	<b>1732</b>	<b>933</b>

### Veiting óbundinna atvinnuleyfa

Veiting óbundinna atvinnuleyfa hófst árið 1995 við gildistöku nágildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga. Óbundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda eins og tímabundið atvinnuleyfi. Heimilt er að veita slíkt leyfi þegar útlendingur hefur samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár og öðlast óbundið dvalarleyfi. Fyrsta árið voru alls veitt 401 óbundin atvinnuleyfi en aðeins 154 árið 1996, 162 á árinu 1997 og 193 á árinu 1998.

Á síðastliðnu ári varð veruleg aukning í útgáfu óbundinna atvinnuleyfa en þau urðu alls 275. Má rekja það aftur til árána 1995 til 1997 þegar fyrst varð veruleg eftirspurn eftir erlendu vinnuafli, eftir atvinnuleysi árána 1992-1995. Þeir hópar sem þá komu til landsins og hafa í lengst hér uppfylla nú orðið skilyrði um veitingu á óbundnu leyfi. Eins og sjá má á ofangreindri töflu er þar greinilega fyrst og fremst um að ræða Pólverja, en alls voru veitt 104 óbundin atvinnuleyfi til Pólverja á síðasta ári á móti 46 leyfum árið 1998. Aðrar þjóðir sem skera sig úr eru Filippseyingar, Tælendingar og Júgóslavar.

### Yfirlit yfir veitingu óbundinna atvinnuleyfa eftir ríkisfangi

	1997	1998	1999
Ástralir	1	1	0
Bandaríkjamenn	5	4	6
Búlgarar	2	3	4
Filippseyingar	23	24	30
Grænhöfðabúar	0	0	3
Júgóslavar	13	22	28
Kanadamenn	0	0	2
Kínverjar	6	4	12
Króatar	10	1	1
Ný-Sjálendingar	3	0	1
Pólverjar	27	46	104
Rússar	3	10	9
Svisslendingar	0	1	1
Tælendingar	25	26	28
Aðrir	44	51	46
<b>Samtals</b>	<b>162</b>	<b>193</b>	<b>275</b>

### Skipting atvinnuleyfa eftir starfsgreinum

Þegar skoðaðar eru þær starfsgreinar sem útlendingar eru helst ráðnir til kemur í ljós að heldur hefur fækkað leyfum vegna starfa í fiskvinnslu. Mikil aukning varð í útgáfu leyfa vegna iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkfólks, árið 1998 voru gefin út 61 slík leyfi en alls urðu þau 129 á síðasta ári. Þar af voru gefin út 23 leyfi vegna smiða og 14 vegna rafiðnaðarmanna. Ennfremur má nefna að gefin voru út 13 leyfi vegna vinnu við plastbátasmíði. Atvinnuleyfum fyrir ósérhæft starfsfólk hefur fjölgað. Er þar m.a. um að ræða hverskyns verkamannastörf, störf við ræstingar, umönnun, störf á veitingahúsum o.þ.h. Þá er athyglisvert að sjá þróunina í störfum við hugbúnaðargerð og upplýsingatækni, en mikill skortur er á starfsfólki í þeirri grein.

## Starfsgreinar sem útlendingar eru helst ráðnir til

### Ný atvinnuleyfi

	1997	1998	1999
Fiskvinnsla	401	756	665
Heimilishjálp	17	15	16
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	67	61	140
Ósérhæft starfsfólk, verslun og þjónusta	152	228	294
Þjálfarar og leikmenn	65	55	71
Hugbúnaðargerð, upplýsingatækni	1	12	22

### Synjanir

Helstu synjunarástæður eru þær að umsækjandi um atvinnuleyfi, þ.e. atvinnurekandi hafi ekki leitað til svæðisvinnumiðlunar við leit að innlendum starfsmanni eða þá að svæðisvinnumiðlun getur mannað það starf sem um ræðir. Frá 1. júlí 1997 hefur þeirri reglu verið fylgt að kannað er hvort Íslendingi hafi staðið til boða að sækja um það starf sem fyrirhugað er að útlendingur gegni. Er þaðí samræmi við það skilyrði laganna um atvinnuréttindi útlendinga að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands og atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli.

Á árinu 1999 var alls 53 umsóknum um atvinnuleyfi synjað en á árinu 1998 voru synjanir 116, þar af var einum atvinnurekanda synjað um leyfi til að ráða 24 útlendinga til landsins. Á árinu 1997 voru synjanir samtals 307, þar af voru 239 umsóknir frá sama atvinnurekanda. Færri synjanir á árinu 1999 skýrast af minnkandi atvinnuleysi milli ára, en atvinnuleysi var að meðaltali aðeins 1,9% á árinu 1999, og gríðarlegri eftirspurn eftir vinnuafli. Einnig má benda á að ekki hafa komið upp sambærileg tilvik og árin 1997 og 1998 þar sem einum atvinnurekanda var synjað um fjölda atvinnuleyfa.

### Vinnumálastofnun

2. júní 2000.